

# Lög

## um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

*Upphafssákvæði.*

1. gr.

Innheimta skal í staðgreiðslu 10% tekjuskatt til ríkissjóðs af vöxtum og arði eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Staðgreiðsla samkvæmt þessum lögum er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts nema annað sé tekið fram.

Hjá lögaðilum, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og hjá einstaklingum vegna fjármagnstekna er myndast í atvinnurekstri þeirra eða sjálfstæðri starfsemi skal réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla á fjármagnstekjur vera bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlegan álagðan tekjuskatt eða önnur opinber gjöld sem lögð verða á slíka rekstraraðila.

Gera skal grein fyrir vaxtatekjum og arði ásamt öðrum fjármagnstekjum, svo og afreginni staðgreiðslu á skattframtali eða eftir atvikum greinargerðum, að tekjuári liðnu. Skattstjóri skal annast álagningu og fylgjast með að staðgreiðslu hafi verið skilað.

*Skattskyldir aðilar.*

2. gr.

Skyldir til að greiða skatt skv. 1. gr. og sæta innheimtu í staðgreiðslu hans eru allir þeir sem fá vaxtatekjur og arðstekjur, sbr. þó 3. mgr.

Greiðsluskylda samkvæmt þessari grein tekur til þeirra lögaðila sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla þessara aðila er fullnaðargreiðsla án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning tekjuskatts á vexti eða arð hjá þeim. Þó skulu þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla, t.d. afföll eða gengishagn-aður, skila greinargerð um þær vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur en vexti og arð, skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Skal ríkisskattstjóri setja nánari reglur um skilagreinar og skil í þessu sambandi.

Undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. eru: Forseti Íslands og maki hans, erlend ríki og alþjóðastofnanir, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga og Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, með síðari breytingum, og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980.

*Skilaskylda.*

3. gr.

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlásstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrir-

tækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörluaðilum, tryggingafélögum, svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörsu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á lögaðilum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

#### *Skattstofn.*

4. gr.

Vaxtatekjur til staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum teljast vextir og afföll, sbr. 8. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, svo sem:

1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum, svo og vextir af verðbréfum sem hlíðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Til vaxta teljast enn fremur verðbætur á höfuðstól og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera ekki vexti og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.
2. Vextir af stofnsjóðseign í gagnkvæmum vátrygginga- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum og öðrum samvinnufélögum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
3. Vextir hjá innlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tölul., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem bera vexti. Með vöxtum teljast einnig verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tölul.
4. Hvers kyns tekjur af hlutdeildarskírteinum.
5. Hvers kyns tekjur af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, einstaklinga hjá tryggingafélögum.
6. Hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum sem telja má til vaxta af þeim, sbr. þó 2. mgr.

EKKI skal telja gengishagnað til stofns til staðgreiðslu. Um skattgreiðslu af slíkum tekjum fer eftir lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og skal skatturinn ákvarðaður við álagningu opinberra gjalda næsta ár á eftir tekjuári ásamt á lagi á skattfjárhæðina samkvæmt þeim lögum.

Stofn til staðgreiðslu sem arður samkvæmt lögum þessum teljast arðstekjur, sbr. 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. fjárhæð sú er félög skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 greiða eða úthluta í arð.

#### *Afdráttur staðgreiðslu.*

5. gr.

Afdráttur staðgreiðslu af vöxtum skal fara fram eins og nánar er kveðið á um í þessari málsgrein:

1. Staðgreiðsla af vöxtum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir rétthafa til tekna og þar með lausir til ráðstöfunar. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur greiðslu í peningum, kröfum eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.
2. Rekstraraðilar hlutdeildarsjóða skulu gera skil á greiðslu skatts af tekjum sjóðsins. Sjóðurinn telst þá hafa fullnægt skattskyldu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr., hjá eigendum hlutdeildarskírteina sjóðsins vegna þess tímabils sem gert er upp fyrir, enda sundurgreini sjóðurinn skattgreiðslur á yfirlitum til eigenda.
3. Aðili, sem tekur að sér lífeyristryggingar, söfnunartryggingar, skal gera skil á greiðslu skatts af tekjum af þeim. Telst þá skattskyldu lífeyristryggingahafa, söfnunartryggingahafa, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr., fullnægt.
4. Staðgreiðsla af tekjum skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar þær eru færðar rétthafa til tekna og lausar honum til ráðstöfunar eða þegar þær eru greiddar út.
5. Við vexti af verðbréfum, sem ekki eru með árlegri greiðslu, skal, áður en skattur er reiknaður, bætast viðbótarfjárhæð sem miðast við að ársávöxtun eftir skatt yfir reikningstíma-

bilið sé sem næst því sem verið hefði við árlega staðgreiðslu. Seðlabanki Íslands skal reikna út álagið fyrir hvert ár í upphafi næsta árs á eftir tekjuárinu.

6. Sé kröfu skuldbreytt þannig að áföllnum vöxtum sé bætt við höfuðstól skal staðgreiðsla dregin af þeim vöxtum sem voru áfallnir þegar skuldbreytingin er gerð.

Ef einungis er borgaður hluti af áskilinni afborgun kröfu skal við það miðað að vextir séu fyrst greiddir. Þegar verðbréf er selt, eða afhent sem greiðsla, skal skrá á verðbréfið nafn seljanda, kennitölu hans og dagsetningu sölu ásamt söluverði (kaupverði) eða markaðsvirði þegar um kröfu til lengri tíma en 12 mánaða er að ræða.

Afdráttur staðgreiðslu af afföllum skal fara fram við hverja afborgun af kröfu þeirri sem afföllin reiknast af. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til affalla þegar krafa er innheimt hjá öðrum en skilaskyldum aðilum, sbr. 3. gr.

Afdráttur staðgreiðslu af arði skal fara fram þegar hlutafélag greiðir eða úthlutar arði til hluthafa. Með greiðslu er átt við greiðslu í hvaða formi sem er, hvort heldur í peningum, kröfu eða öðru því sem hefur peningalegt verðgildi og látið er af hendi í stað peninga.

#### *Upplýsingar til rétthafa.*

6. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal ávallt geta um staðgreiðslu skatts á kvittun til rétthafa vaxta og arðs skv. 4. gr. Að tekjuári liðnu og eigi síðar en 1. febrúar ár hvert skulu skilaskyldir aðilar, sbr. 1. mgr. 3. gr., láta þeim sem skattur var dreginn af samkvæmt lögum þessum í té heildaryfirlit þar sem fram komi höfuðstóll innneignar eða kröfu í árslok, vextir ársins og afdregin staðgreiðsla á þá vexti. Lögaðilar, sbr. 2. mgr. 3. gr., skulu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert gefa út hlutafjármíða þar sem fram komi m.a. staðgreiðsla næstliðins árs.

#### *Greiðslutímabil og gjalddagar.*

7. gr.

Greiðslutímabil skatts samkvæmt lögum þessum skal vera almanaksárið. Gjalddagi er 15. janúar árlega og er eindagi 15 dögum síðar.

#### *Innheimta.*

8. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal ótilkvaddur greiða á gjalddaga skv. 7. gr. skatt samkvæmt lögum þessum.

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til innheimtumanna ríkissjóðs í því umdæmi sem skilaskyldur aðili á lögheimili í.

#### *Skilagreinar.*

9. gr.

Með greiðslum skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði eða í öðru því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Aðilar skv. 3. gr. skulu skila skilagrein enda þótt enginn skattstofn sé fyrir hendi á tekjuárinu. Þeir geta þó sótt um undanþágu frá þessari skyldu til ríkisskattstjóra, enda hafi þeir þá ekki innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir eða greiði út arð.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar og gera á þeim leiðréttингar ef þörf krefur.

Ef aðili framvíesar ekki fullnægjandi skilagrein innan tilskilinna tímamarka skal skattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð hans.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um áætlun eða leiðréttingu skv. 2. og 3. mgr.

Þeir aðilar, sem staðgreiðsla er ekki dregin af, skulu gera grein fyrir vaxtatekjum og greiða tekjuskatt af þeim að tekjuári liðnu í samræmi við ákvæði X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

#### *Bókhald.*

10. gr.

Skilaskyldur aðili skv. 3. gr. skal haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti með auðveldum hætti staðreynit skil hans.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur um sérstakt bókhald skilaskyldra aðila.

*Skrá um skilaskylda aðila.*

11. gr.

Ríkisskattstjóri skal halda sérstaka skrá um skilaskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

Aðili skv. 3. gr. skal innan átta daga frá því að hann tekur til starfa tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína sem þá færir viðkomandi í skrána. Ef aðili hættir starfsemi skal hann innan átta daga senda tilkynningu þar að lútandi til ríkisskattstjóra sem tekur viðkomandi út af skránni. Aðili, sem fellur undir 1. mgr. 3. gr., getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, enda hafi hann ekki með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningar skyldu sína skv. 2. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum um það.

Tilkynningar samkvæmt þessari grein skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

*Ábyrgð.*

12. gr.

Skilaskyldir aðilar skv. 3. gr. og skattskyldir aðilar skv. 2. gr. bera óskipta ábyrgð á þeim skatti sem dreginn er af fjármagnstekjum samkvæmt lögum þessum. Skattskyldur aðili ber þó ekki ábyrgð á þeim skatti sem hann sannar að skilaskyldur aðili hafi dregið af fjármagnstekjum hans.

Aðili, sem er skilaskyldur vegna milligöngu um viðskipti, er ekki ábyrgur fyrir greiðslu skatts af fjármagnstekjum umfram þá fjárhæð sem hann raunverulega fékk í hendur.

*Kærur.*

13. gr.

Rísi ágreiningur um staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum milli skilaskylds og skattskylds aðila getur skattskyldur eða eftir atvikum skilaskyldur aðili kært staðgreiðsluna til skattstjóra innan 30 daga frá því að staðgreiðsla átti sér stað.

Skattstjóri getur krafist af aðilum allra þeirra upplýsinga sem hann telur þörf á til að fjalla efnislega um málið og kveða upp úrskurð um það. Skattstjóri getur jafnframt krafist þriðja mann um upplýsingar hér að lútandi ef skattstjóri telur þörf á til að upplýsa málsatvik.

Úrskurð eða ákvörðun skattstjóra má kæra til yfirskattanefndar innan 30 daga frá og með næsta degi eftir póstlagningu tilkynningar eða úrskurðar skattstjóra.

*Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ríkisins.*

14. gr.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannad öll atriði er varða skilaskyldu eða staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannad sér-hver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum, fjármálastofnum eða öðrum aðilum um viðkomandi viðskipti.

Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins varðandi rannsóknir á greiðslu- og skattskilum samkvæmt lögum þessum.

*Upplýsingaskylda, heimildir til skattefirlits og skattrannsókna.*

15. gr.

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té, ókeypis og í því formi sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt

upplýsingar um og varða greiðslu- og skilaskyldu þeirra aðila. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum geta skattstjóri og ríkisskattstjóri krafist þess að framtals- og skilaskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samninga. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og heimild til að taka skyrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 16. gr.

Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær, er um getur í 2. mgr., gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

#### *Skatteftirlit, skattrannsóknir:*

16. gr.

Skattstjórar annast skatteftirlit hver í sínu umdæmi. Ríkisskattstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit. Telji skattstjóri að skattsvik, eða önnur refsiverð brot á lögum þessum, hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem tekur ákvörðun um framhald máls. Sama tilkynningarþylda hvílir á ríkisskattstjóra.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar greiðslu- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir í málum sem skattstjóri eða ríkisskattstjóri vísa til hans skv. 1. mgr. svo og 5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Pegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra ríkisins gefa tilefni til breytinga á greiðslu- og skilaskyldu samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast framkvæmd hennar nema hann feli hana skattstjóra, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

#### *Álag og dráttarvextir:*

17. gr.

Séu greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal skattstjóri gera skilaskyldum aðila að sæta á lagi til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og skattur því verið áætlaður, sbr. 3. mgr. 9. gr., nema skilaskyldur aðili hafi greitt fyrir eindaga fjárhæð er til áætlunarinnar svarar.

Álag á vanskilafé skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Einn hundraðshlut af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tíu hundraðshlutar.
2. Álag til viðbótar af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga, hið sama og dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987.

Við útreikning á á lagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi vera sá sami og eindagi greiðslu þess árs sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri ára.

Sendi skilaskyldur aðili fullnægjandi skilagrein innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar skattstjóra skv. 2. mgr. 9. gr. skal hann greiða fjárhæð skilafjár samkvæmt skilagreinum ásamt á lagi, sbr. 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Ef bókhaldi er ekki hagað í samræmi við ákvæði 10. gr. má áætla skilaskyldum aðila skilaskylda fjárhæð.

Komi í ljós að skilaskyldum aðila, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð skilaskyld

fjárhæð eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða skal hann greiða hið skilaskylda skilafé auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef skilaskyldur aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 30 daga frá og með næsta degi eftir póstlagningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til yfirsíktanefndar sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Sé skattur samkvæmt lögum þessum vanreknaður má gera skilaskyldum aðila að greiða vanskilafé sex ár aftur í tímum, talið frá byrjun þess árs þegar endurreikningur fer fram. Fari fram rannsókn á skilum skilaskylds aðila nær heimild til endurreiknings til sex ára aftur í tímum, talið frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

#### *Innheimta vanskilafjár o.fl.*

18. gr.

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt lögum þessum skal innheimt af innheimtumanni ríkissjóðs í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili eða hefur starfsstöð.

Vanskilafé, álag og sektir njóta fjárnámsréttar í eignum skuldara.

Innheimtumaður ríkissjóðs skal senda skilagrein til skattstjóra yfir það fé er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessara laga. Innheimtu vanskilafé og álagi skal haldið aðgreindu á sérstökum reikningi þar til skilagrein berst frá skilaskyldum aðila.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skilaskylds aðila sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 17. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil hafa verið gerð.

#### *Refsingar.*

19. gr.

Skyri skattskyldur eða greiðsluskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans skal hann greiða físekt allt að tífaldir þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri físekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hver sá skilaskyldur aðili, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt lögum þessum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða hefur ekki innt af hendi þá staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt lögum þessum sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir, skal greiða físekt allt að tífaldir þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri físekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni nema þyngru refsing liggi við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. Álag skv. 17. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi skilaskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að halda bókhald skv. 10. gr. varðar það brot við refsiákvæði laga um bókhald en við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sé um meiri háttar brot að ræða.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 11. gr., upplýsingaskyldu skv. 15. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Skyri skilaskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Sömu refsingu varðar það skattskyldan aðila (réttthafa) sem lætur greiða sér vaxtatekjur eða arð samkvæmt lögum þessum, vitandi um að skilaskyldur aðili hefur eigi haldið eftir staðgreiðslu af þessum tekjum sem skylt er samkvæmt lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu eða greiðsluskyldu vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil.

Verði brot á 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvist við skipti dánarbús skal greiða úr búinu físekt, allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri físekt en nemur skattfjárhæðinni að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 17. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem segir í 5. mgr. má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. eða 2. mgr. pessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar físektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum pessarar greinar.

Gera má lögaðila físekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknaems verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmáður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og svíptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

*Málsmeðferð og fyrningarreglur.*

20. gr.

Sektir skv. 19. gr. skulu úrskurðaðar af yfirskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins sendir yfirskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirskattanefnd skal veita sakborningi færí á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlöggregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirskattanefnd skv. 1. mgr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er yfirskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 4. mgr. 18. gr. eftir því sem við á.

Sök skv. 19. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða Rannsóknarlöggreglu ríkisins, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

*Uppgjör staðgreiðslu.*

21. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breyttingum, um ákvörðun skatts af vöxtum og arði, uppgjör staðgreiðslu af þeim tekjum og innheimtu þeirra skulu gilda eftir því sem við á.

*Reglugerðarheimild.*

22. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

*Gildistaka.*

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1997.

24. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Aðilar, sem skilaskyldir eru skv. 3. gr., skulu strax við gildistöku laga þessara og eigi

síðar en 31. desember 1996 senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína sem þá skráir viðkomandi á skrá um skilaskylda aðila. Aðili, sem fellur undir 3. gr., getur farið fram á undanþágu frá færslu í skrá um skilaskylda aðila, enda hafi viðkomandi ekki milligöngu um innheimtu, fjárvörslu eða aðra sýslan með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningar skyldu sína skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum það.

Tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. júní 1996.*